

Lög

um

ellistyrk presta og eptirlaun.

Nr. 48.

16.

nóvbr.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sá, er fengið hefur veiting fyrir prestsembætti hjer á landi, skal safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni.

2. gr.

Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landsstjórnin geymir eignarskirteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist greiðslu árgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefur aptur lögtaksrjett samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins.

4. gr.

Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sjer æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hlut af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

5. gr.

Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.—4. gr., skal prestur hver, er veitt hefur verið prestsembætti, hafa rjett til árlegra eptirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um.

6. gr.

Eptirlaunin nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr prestlaunasjóði. Sjötugur prestur á rjett á að fá lausn frá embætti með eptirlaunum eptir lögum þessum.

7. gr.

Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eptirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eptirlaun hans nemi því.

Nr. 48. Lög 16. nóvember um ellistyrk presta og eptirlaun.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

Præsters Alderdomsforsørgelse og Pension.

Nr. 49.

16.

Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver, som bliver kaldet til et Præsteembede her i Landet, skal samle sig en Alderdomsforsørgelse eller købe sig en opsat Livrente overensstemmende med denne Lovs Forskrifter, til hvilket Øjemed Præsten bør anvende 2^o/_o af sin faste Begyndelsesgage.

§ 2.

Den Alderdomsforsørgelse, som samles, skal opbevares og frugtbargøres i en Kasse, som Regeringen tager for gyldig, men Livrenten skal erhverves i Statsanstalten for Livsforsikring. Ejendomsbevis for Alderdomsforsørgelsen, eller Livrentepolicen deponeres hos Regeringen.

§ 3.

Landskassen garanterer Aarspræmiernes Erlæggelse i Henhold til § 1, men har til Gengæld Udpantningsret overensstemmende med Lov Nr. 29 af 16. December 1885 hos Køberen af Alderdomsforsørgelsen eller Livrenten.

§ 4.

Naar en Præst afskediges fra sit Embede kan han begynde at oppebære hele Renten af Alderdomsforsørgelsen, samt begynde at nyde Livrenten. Ligeledes kan han da købe sig en livsvarig Livrente for Alderdomsforsørgelsen eller en Del af den. Den Præsten ved hans Død tilhørende Alderdomsforsørgelse overgaar som anden Ejendom til hans Dødsbo.

§ 5.

Foruden Alderdomsforsørgelse eller Livrente i Henhold til §§ 1—4, skal enhver Præst, der er bleven kaldet til et Præsteembede, være berettiget til aarlig Pension, naar han afskediges paa Grund af Alderdom eller Svagelighed eller andre ham utilregnelige Aarsager.

§ 6.

Pensionen beløber 15 Kr. for hvert Tjenestear beregnet fra Kaldelsen til Præsteembedet og udredes af Landskassen. Den Præst, som er 70 Aar gammel, er berettiget til at forlange sin Afsked med Pension efter nærværende Lov.

§ 7.

Den Præst, som uden egen Skyld kommer saaledes til Skade, eller mister Helbredet under Udførelsen af sit Embede, saa at han maa opgive sit Embede, er berettiget til en aarlig Pension af 360 Kr., selv om han end ikke har betjent Præsteembedet saalænge, at hans Pension beløber sig til den nævnte Sum.

Nr. 48. Lov af 16. November om Præsters Alderdomsforsørgelse og Pension.

Nr. 48.
16.
nóvbr.

8. gr.

Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rjett til eptirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aptur, og hefur hann þá rjett til eptirlauna eptir 5. og 6. gr.

9. gr.

Nú hefur prestur fengið eptirlaun, og missir hann þau: 1, ef hann fær aptur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eptirlaunin. 2, ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja. 3, ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki án samþykkis konungs. 4, ef hann verður sannur að því, að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar. 5, ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svipt mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefur verið framið áður en hann fjekk lausn frá embætti eða eptir það.

10. gr.

Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

11. gr.

Ákvæðin í 1.—4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eptirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eptirlauna, eptir hingað til gildandi lögum, rjetti sínum óskertum. Eptirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eptirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af fyrverandi embættum sínum, greiðast úr prestaunasjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eptirlaununum eiga að svara, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga. Uppgjafaprestar halda þeim eptirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

Lög nr. 4, frá 27. febr. 1880, um eptirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 8.

Nr. 48
16.
Novbr.

Den Præst, der forbyrder sit Embede, fortaber sin Ret til Pension. Hvis en Præst suspenderes fra sit Kald, men senere atter indsættes i Embede, er han berettiget til Pension efter §§ 5 og 6.

§ 9.

Den Præst, som har faaet Pension, mister den: 1, naar han atter faar et Embede med en Lønning der udgør et ligesaa stort Beløb som Pensionen. 2, naar han uden Kongens Tilladelse gaar i fremmed Tjeneste. 3, naar han uden Kongens Samtykke bosætter sig i andre Riger. 4, naar han bliver funden skyldig i at have fornægtet Folkekirkens Tro. 5, naar han ved Dom kendes skyldig i en saadan Forseelse, som medens han beklædte Embede, vilde have haft dettes Forbrydelse til Følge, hvad enten Forseelsen er begaaet før eller efter at han har erholdt Afsked fra Embedet.

§ 10.

Hvis Emeritpræsten ønsker at faa til Brug og Benyttelse en bygselledig Kirkejord inden Præstekaldet, har han Forgangsret hertil fremfor andre under lige Vilkaar.

§ 11.

Bestemmelserne i §§ 1—4 omfatte ikke de Præster, som nu beklæde Embede, saalænge de beholde det samme Kald og samme Lønningsvilkaar, men forøvrigt træder denne Lov i Kraft den første Fardag 1908, saaledes at de Præster, som afskediges fra den Dag at regne eller senere, erholde Pension efter nærværende Lov. Dog beholde de Præster, der maatte være berettigede til højere Pension efter den hidtil gældende Lovgivning, deres Ret ubeskaaret. Pensioner til de Emeritpræster, som ere blevne afskedigede inden nærværende Lovs Træden i Kraft, og som oppebære deres Pensioner delvis eller helt af deres forhenværende Embeder, afholdes af Landskassen efterhaanden som de Præstekald, hvoraf Pensionerne svares, blive ledige eller paa anden Maade komme ind under Præstelønningslovens Omraade. Ligeledes beholde Emeritpræsterne de Pensioner af Landskassen, som de hidtil have nydt.

Lov Nr. 4 af 27. Februar 1880 om Præsters Pension og andre Lovbestemmelser, som maatte stride mod denne Lov, ophæves i samme Maal som nærværende Lov træder i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.